

SJÁLFBÆRNISTEFNA ÍSLANDSSJÓÐA

1. INNGANGUR

Íslandssjóðir gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki í efnahagslífinu með rekstri verðbæfasjóða, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða sem taka við fé frá almenningi, fyrirtækjum og fagfjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar. Auk þess stýrir eignastýring Íslandssjóða eignum fyrir hönd viðskiptavina sem gert hafa eignastýringarsamning við Íslandsbanka. Íslandssjóðir leggja áherslu á í starfsemi sinni að axla ábyrgð og mæta sívaxandi kröfum um aukna sjálfbærni í rekstri sínum. Sjálfbærni snýst um að mæta kröfum nútímans en huga um leið að þörfum kynslóða framtíðarinnar með tilliti til umhverfis- og samfélagsmála og skapa þannig almenna sátt um batnandi lífskjör í samfélaginu.

Íslandssjóðir eru í eigu Íslandsbanka og í eigendastefnu bankans er lögð áhersla á að dótturfélög bankans horfi til stefnu bankans um sjálfbæra þróun. Stefna bankans um sjálfbærni lýsir megináherslum bankans um sjálfbæra þróun, bæði í rekstri bankans út frá viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) og þeim áhrifum sem bankinn getur haft í nærumhverfi sínu. Sjálfbærnistefna Íslandssjóða tekur mið af megináherslum bankans með hliðsjón af eðli starfsemi Íslandssjóða. Íslandssjóðir deila húsnæði með Íslandsbanka og útvista margvíslegum verkefnum til bankans og er Íslandsbanki dreifingaraðili sjóða í rekstri Íslandssjóða. Íslandsbanki setur sér mælanleg markmið með tilliti til UFS-þátta í rekstri sínum og birtir árangur sinn hvað þau varðar í þar til gerðri skýrslu samhliða árlegu uppgjöri bankans.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SP) grundvallast á þremur stöðum sjálfbærrar þróunar; efnahagslegrar, félagslegrar og umhverfislegrar. Starfsemi Íslandssjóða snertir marga mismunandi þætti efnahagslífsins og hefur óhjákvæmilega áhrif á hluta heimsmarkmiðana. Heimsmarkmiðin virka sem ein heild en til að skerpa á áherslum hafa Íslandssjóðir valið að styðja sérstaklega við þrjú þeirra: Aðgerðir í loftslagsmálum, Nýsköpun og uppbyggingu og Jafnrétti kynjanna.

13 AÐGERÐIR Í
LOFTSLAGSMÁLUM



9 NÝSKÖPUN OG
UPPBYGGING



5 JAFNRÉTTI
KYNJANNA



Sjálfbærnistefna Íslandssjóða miðar að því að starfsemi félagsins verði til fyrirmyndar út frá viðurkenndum viðmiðum um UFS. Félagið ætlar að eiga aðkomu að samstarfi um ábyrgar fjárfestingar sem stuðla að sjálfbærri þróun íslensks efnahagslífs og styðja við m.a. aðgerðaráætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum og um leið heimsmarkmið SP.

Sjálfbærnistefna Íslandssjóða myndar heildstæðan ramma um starfsemi félagsins á sviði sjálfbærni og markar jafnframt stefnu félagsins varðandi umhverfismál, ábyrgar fjárfestingar og innkaup auk þess að falla að og styðja við aðrar stefnur félagsins.

Íslandssjóðir birta sjálfbærnisráðgjafu sem er unnin í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq og Greenhouse Gas Protocol og Global Reporting Initiative. Þá hefur viðeigandi mikilvægis- og áhættumælikvörðum verið bætt við sem tekur til grunnstarfsemi Íslandssjóða: <https://www.islandssjodir.is/um-islandssjodi/ufs-uppgjor/>.

Íslandssjóðir leggja áherslu á að upplýsa lykilhagsmunaaðila sína um tilvist og tilgang þessarar stefnu.

2. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Markmið stefnunnar er að skilgreina megináherslur Íslandssjóða um sjálfbærni, bæði í starfsemi félagsins og þeim áhrifum sem félagið getur haft á nærumhverfi sitt. Stefnunni er ekki ætlað að vera tæmandi og er hún studd af öðrum stefnum, reglum og innra verklagi félagsins. Sjálfbærnistefnan gildir fyrir alla starfsemi Íslandssjóða. Öllum starfsmönnum félagsins ber að starfa í samræmi við stefnuna.

3. STARFSEMI ÍSLANDSSJÓÐA VERÐI TIL FYRIRMYNDAR

Markmið Íslandssjóða er að starfsemi félagsins verði til fyrirmyndar. Íslandssjóðir horfa því ekki einungis til fjárhagslegra markmiða sem tengjast arðsemi og hagkvæmni, heldur einnig til UFS-viðmiða í starfseminni:

Umhverfisleg viðmið fjalla um hvernig Íslandssjóðir gæta að umhverfislegum áhrifum í starfsemi sinni og styður m.a. við heimsmarkmið SP um aðgerðir í loftslagsmálum.

Félagsleg viðmið lúta að því hvernig Íslandssjóðir koma fram við starfsfólk, nýta atkvæðisrétt á hluthafafundum þeirra félaga sem sjóðir á vegum Íslandssjóða eiga hlut í og beita áhrifafjárfestingum í samræmi við stefnu félagsins um ábyrgar fjárfestingar í samfélaginu sem félagið starfar í og styður þannig m.a. við heimsmarkmið SP um jafnrétti kynjanna og nýsköpun og uppbyggingu.

Stjórnarháttaviðmið snúa að stjórn Íslandssjóða og framkvæmdastjóra, innra eftirliti og áhættustýringu og réttindum hluthafa.

3.1. Umhverfismál

Íslandssjóðir eru dótturfélag Íslandsbanka og hafa Íslandssjóðir á samstæðugrundvelli undirgengist markmið Festu og Reykjavíkurborgar sem var sett fram til stuðnings við Parísarsamkomulagið frá árinu 2015 um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Samstæðan hefur í kjölfarið lagt áherslu á að meta og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem starfsemi hennar kann að hafa á umhverfið.

Með hliðsjón af þessu einsetur samstæðan sér að draga markvisst úr og fyrirbyggja losun gróðurhúsalofttegunda tengdri starfsemi hennar, minnka orkunotkun og lækka hlutfall óflokkaðs úrgangs sem hlýst af starfseminni.

Íslandssjóðir munu mæla kolefnisspor sitt reglulega, setja sér markmið um minnkun á kolefnislosun og beita mótvægisáðgerðum til að jafna losun.

Íslandssjóðir stofnuðu sjóðinn IS Græn skuldabréf árið 2018 sem var fyrsti sjóðurinn á Íslandi fyrir almenna fjárfesta sem leggur áherslu á umhverfismál í fjárfestingastefnu sinni. Fjárfestir sjóðurinn í skuldabréfum sem er ætlað að hafa jákvæð áhrif á umhverfi okkar og samfélag án þess þó að gefa afslátt af arðsemissjónarmiðum.

3.2. Félagslegir þættir

Íslandssjóðir leggja áherslu á jafnrétti og fjölbreytileika í starfsemi sinni. Starfskjarastefna félagsins leggur áherslu á að fyllsta jafnréttis sé gætt á milli kynja við launaákvæðanir auk þess sem félagið leitast við að tryggja að sem jafnast kynjahlutfall sé á meðal starfsmanna félagsins.

Íslandssjóðir hafa samið við mannauðssvið Íslandsbanka um að sinna mannauðsmálum. Íslandssjóðir fylgja stefnu samstæðunnar og aðgerðaráætlun gegn einelti, kynferðislegu og kynbundnu áreitni og ofbeldi.

Íslandssjóðir hafa gert útvistunarsamninga við Íslandsbanka um að sjá um afmörkuð verkefni fyrir félagið og þ.á m. útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina og aðra þjónustu við viðskiptavina og er lögð áhersla á virka þátttöku viðskiptavina í þjónustunni, m.a. með fjárfestingum í tæknilausnum.

Við nýtingu atkvæðisréttar á hluthafafundum þeirra félaga sem sjóðir á vegum Íslandssjóða eiga hlut í er áhersla er lögð á að samsetning stjórnar sé með þeim hætti að reynsla, fjölbreytni, menntun og hæfni stjórnarinnar í heild henti sem best þörfum félagsins og að kynjahlutfall stjórnarmanna sé í samræmi við lögbundið kynjahlutfall.

Íslandssjóðir leggja áherslu á virðingu fyrir mannréttindum og að stunda ekki fjárfestingar sem tengjast við hvers konar mannréttindabrot, t.d. mismunun á grundvelli kyns, trúar eða kynþáttar, misrétti á vinnumarkaði auk þrælkunar- og barnavinnu.

Íslandssjóðir leggja áherslu á að skapa gott starfsumhverfi og setja heilbrigði og öryggi í forgang. Öllu starfsfólki samstæðunnar stendur til boða úrræði við að koma upplýsingum um óviðeigandi háttsemi á framfæri með nafnlausum hætti.

3.3. Stjórnarhættir

Stjórn Íslandssjóða lætur sér umhugað um að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir félagsins samræmist því regluverki sem um starfsemina gildir, viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttá. Góðir stjórnarhættir og innra skipulag félagsins skulu stuðla að skilvirkri og varfærinni stjórn félagsins og að komið sé í veg fyrir hagsmunarárekstra.

Með þessum skuldbindingum hlítir félagið viðeigandi reglum um stjórnarhætti, s.s. kröfum laga, leiðbeiningum um stjórnarhætti, öðrum viðeigandi reglum og viðmiðunarreglum frá eftirlitsaðilum þar sem við á og að viðhalda kerfi um skilvirkt eftirlit með fylgni við þær reglur.

Íslandssjóðir fara að viðeigandi lögum og reglum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga auk þess sem félagið hefur sett siða- og háttisreglur fyrir stjórn, stjórnendur og starfsmenn félagsins.

4. ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR OG INNKAUP

Á árinu 2017 undirritaði stjórn Íslandssjóða meginreglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI). Með því var félagið skuldbundið til að samþætta UFS þætti inn í alla greiningarvinnu, ákvarðanatöku og virkt eignarhald. Þar að auki byggir stefna félagsins í ábyrgum fjárfestingum á helstu viðmiðum sem um þær gilda ásamt innri starfsreglum.

Meginmarkmið Íslandssjóða er að skila viðskiptavinum sínum góðri áhættuleiðréttri ávöxtun og uppfylla kröfur þeirra og þarfir þeirra um eignadreifingu. Markmiðinu er meðal annars náð með því að fjárfesta með ábyrgum hætti og sýna frumkvæði þegar kemur að UFS þáttum.

Íslandssjóðir hafa markað stefnu og þróað verkferla til að tryggja að allar fjárfestingar standist þær kröfur sem félagið hefur sett sér um UFS þætti. Beitt er aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga í allri starfsemi félagsins og telja Íslandssjóðir að þannig geti félagið haft jákvæð áhrif á samfélag og sjálfbærni, viðskipavinum og öðrum til góðs.

Íslandssjóðir beita áhrifafjárfestingum á innlendum markaði. Markmiðið er að skapa jákvæð og mælanleg áhrif á umhverfi og samfélag til viðbótar við að skila fjárhagslegum ábata. Beitt er virku eignarhaldi og tekið tillit til UFS þátta í greiningarvinnu. Íslandssjóðir eiga virkar samræður við stjórnendur fyrirtækja á innlendum markaði og við sjóðsstjóra fjárfestingarsjóða hjá erlendum samstarfaðilum. Kallað er eftir upplýsingum um UFS þætti þar sem við á. Á erlendum mörkuðum beitir félagið einnig útilokun og haldið er úti athugunarlista yfir þau fyrirtæki sem Íslandssjóðir telja ekki standast kröfur félagsins þegar kemur að UFS þáttum.

Samstæða Íslandssjóða og Íslandsbanka er stór kaupandi þjónusta og vara og er því í aðstöðu til að vera hreyfiafl til góðra verka í innkaupum sínum. Þetta gerir samstæðan m.a. með því að horfa til umhverfismála, félagslegra þátta og góðra stjórnarháttanna í verklagi sínu við innkaup. Jafnframt stuðlar samstæðan að virkri samkeppni og gætir að hagkvæmni, jafnræði og gagnsæi í innkaupum sínum. Samstæðan gerir viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli ómálefnalegra sjónarmiða. Samstæðan setur sér verklagsreglur í innkaupum, gefur út siðareglur birgja og gætir að ákvæðum laga og reglna sé fylgt í hvívetna. Stefna samstæðunnar um ábyrg innkaup gildir um öll innkaup samstæðunnar.

5. EIGNARHALD, ÁBYRGÐ, ENDURSKOÐUN OG BIRTING STEFNU

Stefna þessi er samþykkt af stjórn Íslandssjóða. Framkvæmdastjóri er eigandi stefnunnar og ber ábyrgð á innleiðingu hennar og að starfsmenn séu upplýstir um efni hennar.

Stefnuna skal endurskoða eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Allar breytingar á stefnu þessari skulu samþykktar af stjórn.

Stefnan skal birt á vefsíðu Íslandssjóða.

Samþykkt af stjórn Íslandssjóða hf.

22. febrúar 2022